

Nd.

484. Frumvarp til laga

[137. mál]

um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. marz.)

Samhljóða þskj. 200 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Undir borgardómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. einkamál almennt, sbr. þó 4. gr., þ. á m. formennska í fasteignamálum, kvaðning mats- og skoðunarmanna í dómi og utan dóms svo og borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, úrskurðun framfærslumála og skipun opinberra starfsmanna, svo sem tíðkæpt hefur.

Við borgardómaraembættið skulu vera átta til tólf borgardómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgardómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

4. gr. hljóðar svo:

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 82/1961, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.

Við sakadómaraembættið skulu vera fimm til níu sakadómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirsakadómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

7. gr. hljóðar svo:

Után Reykjavíkur heyra þau málefni, sem talin eru upp í 2. til 6. gr., undir embætti sýslumanna og bæjarfógeta, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Undir embætti þessi heyra og önnur þau málefni, er ráðherra ákveður eða lög mæla fyrir um.

Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu skulu, auk þess dómara, starfa einn til fimm dómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Við embætti bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu svo og við embætti bæjarfógetans í Kópavogi getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn til þrjú dómarar við hvort þessara embætta.

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík og bæjarfógetans í Vestmannaeyjum getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómarar við hvort þessara embætta.

Við þau bæjarfógeta- og sýslumannsembætti, er að framan getur, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skal bæjarfógeti eða sýslumaður vera forstöðumaður viðkomandi embættis.

Þeir dómarar, sem skipaðir eru til þess að starfa við framantalin embætti sýslumanna og bæjarfógeta, skulu kallast dómarar eða héraðsdómarar við viðkomandi embætti.